

**MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI**  
**KENNSLUÁÆTLUN Í STÆ 643b (með fyrirvara um breytingar)**  
**HAUSTÖNN 2012**

**KENNARI:** Níels Karlsson

**NEMENDUR:** 4. TU

**ÁFANGALÝSING:**

- a) Umraðanir og samantektir.
- b) Líkindarúm, skilyrt líkindi og óháðir atburðir.
- c) Hagnýting líkindafræði í erfðafræði.
- d) Slembistærðir, dreififöll, líkindaföll og þéttleikaföll. Væntigildi, fervik og staðalfrávik.
- e) Líkindadreifingar, strjálur og samfelldar.

**KENNSLUBÆKUR:** STÆ 643, útg. 2009 eða nýrri (ekki er hægt að nota eldri útgáfur), eftir Jón Hafsteinn Jónsson, Níels Karlsson og Stefán G. Jónsson.

**MARKMIÐ ÁFANGANS:** Að nemendur verði færir um að skilja og nota þau hugtök og það táknmál stærðfræðinnar sem kynnt eru í áfanganum og beita þeim við lausn ýmissa viðfangsefna, bæði í daglega lífinu og úr námi margra annarra greina. Að nemendur læri táknmál og helstu lögmál líkindareiknings og tölfræði.

**YFIRFERÐ:**

- Hluti a) 3 vikur
- Hluti b) 2-3 vikur
- Hluti c) 1 vika
- Hluti d) 3 vikur
- Hluti e) 2 vikur

**NÁMSMAT:** Skiladæmi yfir önnina verða 2-3 og einnar kennslustundar próf verða í 6., 9., 11., og 14. viku. Vinnueinkunn verður gefin í lok annar og vegur hún 30% af lokaeinkunn, en þó aðeins að nemendur nái lokaprófi. Í vinnueinkunn gilda prófin á önninni 80% og skiladæmin 20%. Í lok annar verða tvö próf sem vega samtals 70% af lokaeinkunn. Í því fyrri eru hjálpargögn ekki leyfð og vegur það 20% af lokaeinkunn, en í því síðara eru reiknivélar án texta í minni leyfðar og vegur það 50% af lokaeinkunn. Ef nemandinn þarf að taka endurtektarpróf í áfanganum reiknast vinnueinkunn með.